



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-152F027**

Dags: **16. október 2017**

Staður: **Á Reykjavíkflugvelli**

Lýsing: **Hreyfill missti afl í flugtaki**

Flugkennari ásamt nemanda áætlaði um klukkustundar kennsluflug frá Reykjavík á TF-IFB (Tecnam P2002JF). Undirbúningur fyrir flug var með eðlilegum hætti en þetta var fyrsta flug flugvélarinnar þennan dag. Ekki var bætt við eldsneyti en um 40 lítrar voru á flugvélinni.

Uppkeyrsla á hreyfli var með eðlilegum hætti og var ekkert athugavert að finna við flugvélina.

Flugtak var kl. 09:58 á flugbraut 13. Veður kl. 09:00 var 110°/5 hnútar, hitastig og daggarmark 6/1, loftþrýstingur 1010 hp (damp). Þegar flugvélin hafði ná um 250-300 feta hæð féll snúningur hreyfilsins skyndilega niður í 1700 rpm og tók flugkennarinn þá við stjórnvelum flugvélarinnar. Hann ákvað að snúa við og lenda flugvélinni aftur á flugvellinum. Eftir landingu ók flugkennarinn að uppkeyrslusvæði og virtist hreyfillinn þá starfa eðlilega. Að því loknu ók hann að flugskólanum/viðhaldsaðila til frekari skoðunar. Ekkert fannst athugavert við hreyfilinn.

Í kjölfar atviksins voru blöndungar stilltir saman ásamt því að skipt var um kerti og kertahettur. Þá er ekki hægt að útiloka að um blöndungsísingu hafi verið að ræða.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 18. október 2018.